



497. fundur Þingvallanefndar

23. nóvember 2022 kl 11.30

Skrifstofa Þingvallanefndar, Austurstræti 12.

Mætt: Vilhjálmur Árnason, Oddný G. Harðardóttir, Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, Andrés Ingi Jónsson, Berglind Ósk Guðmundsdóttir, Orri Páll Jóhannsson og Tómas Tómasson, Auk þeirra sat fundinn Finnur Ingimarsson frá Náttúrustofu Kópavogs undir fyrsta lið dagskrár, Þjóðgarðsvörður Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setur fund og stýrir.

Dagskrá

1. Erindi frá Náttúrustofu Kópavogs með tillögu að aukinni vöktun í Þingvallavatni vegna hruns í murtustofni. Kynning á núverandi vöktun á svifvist Þingvallavatns.
Gestur: Finnur Ingimarsson forstöðumaður Náttúrustofu Kópavogs.

Finnur kynnir niðurstöður úr vöktun Þingvallavatns og einnig niðurstöður rannsókna á bleikjustofninum sem sýnir vísbendingar um að bleikjan er að gefa eftir og að hrun hafi orðið í viðkomu murtunnar. Hann kynnir einnig erindi um aukna vöktun í Þingvallavatni á fiskistofnum. Erindið um aukna vöktun hefur verið sent á fleiri aðila og verður tekið fyrir á vettvangi samstarfsaðila um vöktun svifefna í Þingvallavatni.

Þingvallanefnd þakkar fyrir góða og ítarlega kynningu og óskar eftir við þjóðgarðsvörð að hann haldi þeim upplýstum um gang mála og með hvaða hætti þjóðgarðurinn á Þingvöllum gæti komið að þessu verkefni.

2. Samningur við Veiðikortið um sölu veiðileyfa í Þingvallavatni.
Þingvallanefnd samþykkir viðauka við fyrri samning við Veiðikortið ehf. um framlengingu til eins ár um sölu veiðileyfa sem gildir fyrir veiðiárið 2023.
3. Kynning á verkefni um kortlagningu Þingvallavatns.
Þjóðgarðsvörður fjallar um mögulegt samstarfsverkefni um botndýptarmælingar og könnun á botni Þingvallavatns. Þjóðgarðsvörður hefur haft frumkvæði að því að draga saman sérfræðinga frá mismunandi stofnunum á sviði dýptarmælinga og botngerðarannsókna til að dýptarmæla vatnið í sem bestum gæðum. Ný dýptar- og botngerðarkort af Þingvallavatni verða mikilvæg viðbót við þekkingu á vatninu en þau dýptargögn sem nú er stuðst við eru frá árinu 1958. Þingvallanefnd lýsir ánægju með frumkvæðið og tekur undir nauðsyn þess að mæla Þingvallavatn með nýjustu tækni til að fá heildstæðari mynd á botn vatnsins.

4. Kynning - Gullna hringborðið - samráðsvettvangur um stjórnun ferðaþjónustu á áningarstöðum á gullna hringnum.
Þjóðgarðsvörður kynnir Gullna hringborðið nýjan samráðsvettvang þeirra sem koma að rekstri svæða og staða á Gullna hringnum. Meðal annars verður fjallað um hlutverk og ábyrgð mismunandi aðila, framtíðarspár um fjölgun ferðamanna sem og skipulag og stjórnun áfangastaða. Gullna hringborðið fundar í fyrsta sinn 23. nóvember.

Fundi slitið.